



STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNANNA ROFAILL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Fundargerð nr. 5, 22.09.20

Fundur var haldinn í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs. (Brunavarnir DRS), fimmtudaginn 22.09.20. kl 13.00 í Tjarnarlundi í Saurbæ. Mættir voru; Kristján Sturluson, Dalabyggð, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi, Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri og Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar, Kristján Sturluson, bauð menn velkomna og var því næst gengið til dagskrár:

- Fjárhagsáætlun 2021.** Slökkviliðsstjóri sagði að vinna væri komin skemur á veg en áætlað var, en að unnið væri að uppsetningu áætlunarinnar fyrir ársfund þann 29.09. n.k. Búið væri að gera tíma- og bakvaktayfirlit en aðrir útreikningar væru í vinnslu. Umræða spannst um yfirvinnu, en samjhljómur er um að hún verði tekin út í frídögum sem fyrst eftir að hún myndast. Ekki er færi á að greiða yfirvinnu til viðbótar föstum launum og vaktaálagi. Eins var rætt um þann kost að manna vaktir án slökkviliðsstjóra og að hann tæi bara fjórðu hverja bakvakt. Allt er þeytta gert í sparnaðarskyni.
- Brunavarnaráætlun.** Slökkviliðsstjóri sagði að vinna við áætlunina hefði reynst umfangsmeiri en talið var. Ljóst er að fullmótuð drög verða því ekki tilbúin fyrir ársfund, eins og til stóð, en þar verður þó lögð fram áætlun um frágang áætlunarinnar sem og upplýsingar um innihald hennar og áherslur. var samþykkt að halda vinnufund föstudaginn 25. september n.k. í því skyni að ná utan um verkefnið og móta lokaferlið. Ljóst er að slökkviliðsstjóri þarf gögn frá hverju sveitarfélagi um fasteignir, lögbýli ofl. og var rætt um leiðir til að koma þeirri upplýsingaöflun í fastmótað ferli.
- Staða hjá slökkviliðum.** Rætt var um stöðu einstakra liða, liðsanda og áherslur í starfinu. Eins var rætt um með hvaða hætti best væri fyrir slökkviliðsstjóra að halda uppi samskiptum við liðin, t.d. varðandi boðun æfinga. Ljóst þótti að efla mætti starfsandann og hvetja til nýliðunar í liðunum. Fram kom mikilvægi þess, að samhliða nýliðun yrði að virkja þekkingu og reynslu þeirra eldri í önnur störf en störf á vettvangi. Þarna er mikilvæg og dýrmæt reynsla sem á að nýta og miðla til nýliða. Á Hólmavík er afar brýnt að ráða varðstjóra þannig að skipulag Brunavarna verði heilstætt. Mun sveitarstjóri Strandabyggðar koma meira að því ferli og starfsemi slökkviliðsins á Hólmavík á næstunni. Varðandi liðsanda er mikilvægt að efla hann, bæði á hverjum stað fyrir sig sem og í heildina. Í því sambandi þarf að koma á tilfeni fyrir öll liðin að hittast, en þannig fundur hefur ekki átt sér stað frá stofnun Brunavarna.
- Undirbúningur ársfundar.** Ákveðið var að Kristján Sturluson, formaður setti ársfundinn, sem verður haldinn í Teams fjarfundi. Þorgeir Pálsson mun rita fundargerð. Gert er ráð fyrir að stjórn skipti að nýju með sér embættum á



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNNAÐA ROFAILL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



fundinum og að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir verði formaður, Kristján Sturluson ritari og Þorgeir Pálsson gjaldkeri. Stefnt er að því að fundurinn verði um 60 mínútur.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 14.30.

Kristján Sturluson
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Þorgeir Pálsson
Ívar Örn Þórðarson